

þeir sem ekki voru mjög kyrkjuelskir höfðu oft gaman af kappinu milli öldunganna og komu þá vísur á gang, er ýmsum voru eignaðar. Var það einatt út af kosningastappi eða kyrkjufraði.

Nú er þessu öllu breytt. Bygðin farin að eldast, orðin reynd og ráðsett og mókir nú undir purpuramöttli forn-háþýskrar lúthersku. Löngu settir höfðingjar, er búa nú búum sínum með konum sínum og líta ekki við öðrum. Börn fæðast með tönn í gómi, og reisulegir grásteinar merkja leiði flestra gömlu landnemanna. ....

Einn þeirra fyrstu landnema þar, og maður er tók drjúgan þátt í félagsmálum frumbýlingsáranna og átti góðan þátt í ýmsum andlegum hreyfingum í bygðinni, er Einar Jónsson læknir. Hann fluttist þangað í bygð norðan frá Nýja Íslandi sumarið 1881. Hann settist að í Víkurbygð skamt frá Mountain. Hann er maður gæddur fjölhæfum gáfum og hið mesta lipurmenni. Snemna hallaðist hann að hinum frjálslyndari trúarskoðunum. Þegar á fyrstu árum Nýja Íslands, er þrátan var mest milli séra Jóns Bjarnasonar og séra Páls Þorlákssonar gafst honum kostur, eins og hann hefir síðar sagt, á að heyra lútherska orþodoxíu frá tveimur hliðum, en gatz jafnlítið að báðum. Í Dakota stóð hann því utan allra kyrkjumála, en strax er „Menningarfélagið“ myndaðist gjörðist hann félagi þess og hélt við það trygð meðan hann var í bygðinni.

Einar er hinn liprasti hagyrdingur, eins og hann á kyn til, og var það á þessum fyrri tínum er kveðist var á í bygðunum þar í nýlendunni að frá honum kom mörg staka, er ýmsum þótti grárra gjalda verð. Meðan Stephan G. Stephansson bjó hjá Garðar var Garðarbygðin ekki berskjölduð fyrir, en minna varð um varnir frá hinum. Þótt margar þessar stökur séu ekki „bókmentalegir gimsteinar“, var þó í þeim fólgin meinleg fyrndni og hnittyrði, er ekki gat annað en komið mönnum til að hugsa um, að hverju var verið að spaugast. Vakti það ekki síður en mörg orðasennan. Og má telja það tvímælalaust að þær hafi átt sinn góða þátt í að örfa menn til frjálsra hugsana í trúarefnum.